



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. mars 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir, 118. mál. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni þá hefur hún verið lögð fram á fyrri þingum og er nú endurflutt í samræmi við ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Þá segir í greinargerð að tilgangur tillögunnar er að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að endurskoða lög og reglugerðir sem gilda um leyfisveitingar til uppsetningar smávirkjana með það að markmiði að einfalda regluverkið og umsóknarferli í tengslum við þær. Þess ber að geta að SI sendu umsögn um fyrri tillögu, þ.e. 310. mál á 150. löggafaraþingi, sbr. umsögn dags. 17. mars 2020. Ítrekast því hér að neðan fyrri umsögn SI ásamt einstaka viðbótum sem samtökin telja þörf á að koma á framfæri við atvinnuveganefnd.

SI hafa kynnt sér fyrirbyggjandi tillögu og taka samtökin að fullu leyti undir mikilvægi þess að taka til skoðunar regluverk hvað smávirkjanir, sem og virkjanir almennt, varðar með það að leiðarljósi að einfalda regluverk þar sem slíkum breytingum verður komið við. SI taka ekki afstöðu til þess með hvaða hætti slíkri einföldun verði komið við eða við hvaða mörk uppsetts afls virkjana eigi að miða enda má ætla að nánari útfærslur komi til skoðunar að lokinni boðaðri úttekt.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni þá geta smávirkjanir þjónað mikilvægu hlutverki þegar kemur að raforkuöryggi á landinu. SI taka að fullu undir það sjónarmið og telja samtökin að uppbygging smávirkjana samhliða uppbyggingu í flutnings- og dreifikerfi raforku sé verulega mikilvægt öryggismál fyrir bæði almenning og atvinnulíf um land allt. Þannig geta smávirkjanir eftl raforkuöryggi á landsvísu samhliða styrkingu á dreifi- og flutningskerfi. Taka SI því undir það sjónarmið í greinargerðinni þar sem segir að með smávirkjunum er hægt að styrkja raforkuframléiðslu í einstökum landshlutum og byggja upp smærri atvinnustarfsemi á þeim svæðum.

Að gefnu tilefni benda SI á að eitt þeirra áhersluatriða sem fram koma í raforkustefnu samtakanna er að hér á landi verði sköpuð skilyrði til að auka samkeppni meðal raforkuframléiðenda sem þýðir að minnka þarf hlutdeild þess fyrirtækis sem er með yfir



70% markaðshlutdeild. Kemur fram í stefnunni að frjáls samkeppni er öflugasta tækið til að draga fram það besta og hagkvæmasta í allri atvinnustarfsemi. Þannig er hag kaupenda og seljenda best borgið og ábati samfélagsins hámarkaður. Þess vegna er skynsamlegt að leita allra leiða við að koma á og styðja við samkeppni þar sem henni verður komið við. Að mati SI er því mikilvægt að fjarlægja þær aðgangshindranir sem standa í vegi fyrir innkomu nýrra aðila á raforkumarkað, þ.m.t. á sviði raforkuframleiðslu.

Þá benda SI einnig á að stuðningur við smávirkjanir og uppbyggingu þeirra er í fullu samræmi við áherslur þess efnis eins og þær endurspeglast í orkustefnu fyrir Ísland – *Sjálfbær orkuframtíð – Orkustefna til ársins 2050*, þar sem á bls. 14-15 er fjallað um smávirkjanir í því samhengi að auka fjölbreytni í orkukerfinu. Þá er á bls. 25 í stefnunni tekið fram að aðlaga þurfi orkukerfið að breyttum aðstæðum og þörfum þar sem gert er ráð fyrir þátttöku m.a. smávirkjana. Því er ljóst að fyrir liggur opinber stefnumörkun um að hlúa að starfsskilyrðum smávirkjana.

Vekja SI einnig athygli á skýrslu samtakanna um héraðan raforkumarkað, þ.e. Íslensk raforka - Ávinningur og samkeppnishæfni, sem samtökin kynntu sl. haust samhliða ráðstefnu sama efnis. Umrædda skýrslu má nálgast á eftirfarandi vefslóð: <https://www.si.is/upplýsingar-og-utgafa/skyrslur-og-rit/islensk-raforka-avinningur-og-samkeppnishæfni>. Í skýrslunni koma fram tillögur SI um úrbætur á innlendum raforkumarkaði og er ein þeirra tillagna að skapa skilyrði fyrir virkri samkeppni á raforkumarkaði með skýrum leikreglum og virku eftirliti.

Hvað varðar einföldun á regluverki og umsóknarferli, sbr. inngangur í greinargerð, þá óska SI eftir að vekja athygli atvinnuveganefndar Alþingis á skýrslu um málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum sem VSÓ ráðgjöf vann á vegum Samorku, SA, SI og FRV. Í umræddri [skýrslu](#) var framkvæmd greining á umræddri málsmeðferð og samhliða lagðar fram tillögur um einföldun ferla. Í stuttu máli leiddi greiningin í ljós að í ferlinu sé töluverður tvíverknaður, boðleiðir óþjálur og ferli óþarflega flókin. Þá kemur þar fram að samanburður við löggjöf nágrannabjórða staðfesti þá greiningu. Víða eru tækifæri til að einfalda ferla og straumlínulaga til að bæta yfirsýn, draga saman verkþætti og stytta málsmeðferðartíma án þess þó að skerða þátttökurétt almennings og hagsmunaaðila eða vera í andstöðu við tilgang viðkomandi laga. Að teknu tilliti til þeirrar greiningar eru í skýrslunni lagðar tillögur til úrbóta og einföldunar á málsmeðferð og leyfisferli framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Í niðurlagi fyrirbyggjandi tillögu er loks vísað til kostnaðar við ferli frá hugmynd að smávirkjun til tengingar við raforkukerfið. Taka SI undir mikilvægi þess að leita leiða til að auka hagræði tenginga virkjana við raforkukerfið í því skyni að efla raforkuöryggi. Má í því skyni taka til skoðunar hvort binda eigi í raforkulög, nr. 65/2003, aðferðafræði vegna tenginga smávirkjana á þá vegu að taka skuli tillit til þess ef tenging leiðir til hagkvæmari uppbyggingar eða nýtingar dreifi- og/eða flutningskerfisins. Að sama skapi að virkjanir skuli njóta hagræðis vegna tenginga sem eru til þess fallnar að stuðla að auknu raforkuöryggi í kerfinu sem og gæði raforku og afhendingaröryggi, sbr. einnig reglugerð um gæði raforku og afhendingaröryggi, nr. 1048/2004. Má í þessu samhengi vísa til 536. máls sem er nú til umfjöllunar á vettvangi atvinnuveganefndar er varðar breytingu á



raforkulögum hvað varðar gjaldskrárheimildir dreifiveitna. Benda SI á að tækifæri er að aðlaga framangreindar tillögur að því þingmáli, þ.e. nái það mál fram að ganga.

Í ljósi framanritaðs telja SI að markmið þeirrar tillögu sem hér er til umfjöllunar að mörgu leyti í samræmi við áherslur samtakanna á sviði raforkumála. Því styðja SI þá tillögu og telja mikilvægt að sú tillaga hljóti brautargengi á Alþingi.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við atvinnuveganefnd Alþingis. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka iðnaðarins,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lára M. K. Ólafsson', is written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála